

Minnisblað

Til: Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 23. október 2020
Mnr. 2019100083



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Vetrarþjónusta niðurstaða útboðs

Í minnisblaði sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs dags. 20. ágúst, sl. sem lagt var fyrir bæjarráð 28. sept., var farið yfir hæfi bjóðenda, einnig lagt til að sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs yrði veitt umboð til þess að semja við verktaka með fyrirvara um hæfi bjóðenda.

Við vinnslu við kröfum á tækjakosti og hæfi bjóðenda er ljóst að í mörgum tilvikum standast bjóðendur ekki ófrávíkjanlegar kröfur um tækjakost. Þ.e.a.s að mörg tæki standast ekki uppfylltar kröfur. Er það þeirra mat að ekki sé hægt að fella niður hluta af kröfum í einstökum tækjaflokkum út frá jafnræðisjónamiðum. Ljóst er því að mörg tilboð eru ógild og önnur yfir kostnaðaráætlun.

Ríkiskaup leggur til að tilboðum verði hafnað og nýtt útboð undirbúið með breyttum forsendum.

Sviðsstjóri leggur til að útboðsgögn verði aðlöguð að þessari nýju stöðu sem nú er uppi, þar sem að kröfur um tækjakost verði endurmetnar eða skýrðar nánar út. Leitast verður við að hafa samband við alla helstu aðila og þeir beðnir um að kynna sér verkefnið.

Í millitíðinni verði leitast til að gera þjónustusamninga við verktaka til skamms tíma.